

Dagskrá:

- **Fjárhagsáætlun og staða skólans**

Fjárhagsstaða ekki góð, árið 2015 er skólinn með töluverðan halla. Ekki komin endanleg fjárhagsáætlun fyrir næsta skólaár en kemur fyrir 15. mars. Stærsti hluti hallans er launakostnaður. Það er flókið verkefni að ná utan um þau verkefni sem skólinn á að sinna vel miðað við þann ramma sem skólanum er úthlutað. Launakostnaður kennara hækkaði en sér úthlutun til sérkennslu hækkaði ekki í samræmi. Launakostnaður almennra starfsmanna hækkaði afturvirkrt en það var ekki leiðrétt til skólanna og því skapast ákveðinn halli. Bekkjarstærðir í skólanum eru óhagstæðar í einhverjum bekkjardeildum þ.e. of fáir nemendur miðað við kennarafjölda en ekki hefur verið talið vænlegt að fækka í kennarahóp þar sem það kæmi niður á viðkomandi svæðum.

Næsta haust þarf að draga töluvert saman og fækka um tvo stuðningsfulltrúa.

Skólinn fór einnig yfir úthlutun í matarinnkaupum hjá mötuneyti skólans.

Einnig var töluverð yfirkeysla í sambandi við viðhald og endurnýjun búnaðar og leigu á tölvubúnaði. Ekki hefur verið úthlutað til endurnýjunar á búnaði frá hrúni nema til tölvukaupa og var því kominn tími að því að endurnýja búnað í skólanum.

Varðandi 2016 kemur endanleg tala 15. mars en áætlað en ekki liggur fyrir hvor úthlutunarkostnaður vegna sérkennslu verði hækkaður í takt við launabreytingar.

Komum til með að þurfa að draga saman seglin á næsta skólaári.

- **Málefni sem brennur á foreldrum**

Foreldrafélag bendir á að starfið í ár hafa tekið framförum og hefur foreldrafélagið styrkt bekkjarfulltrúa svo að hægt sé að gera skemmtilega hluti með bekknum. Leggja til að meira verði gert á næsta ári. Eru með jólaföndrið, öskudagsnammi, fræðslufundur sl. þriðjudag og þátttaka var góð, betri en hingað til. Sjá um ýmsar uppkomur t.d. í dag (Sprengjukata). Ætla að styrkja unglíngadeild t.d. að borga skemmtiatriði á árshátíð unglínginga. Foreldrafélag sér einnig um útskriftarverðlaun nemenda.

Tillögur nemenda um lukkuðyr (Hugmynd um að hafa Bleika pöndu ☺).

Aðeins talað um dræma þátttöku bekkjarfulltrúa/foreldra – mætti vera meira um að vera í viðburðum fyrir nemendur. Bekkjarfulltrúar hafa ekki verið að nýta sér styrk sem foreldrafélagið úthlutar hverjum bekk.

Hákon fulltrúi foreldra bendir á að honum finnst vanta að vita afstöðu foreldra varðandi ýmis mál t.d. varðandi fyrirkomulag kennslu, skiptingu árganga (sú umræða kom t.d. upp síðasta vor og var þá boðaður fundur með foreldrum þeirra bekkjardeilda sem áttu við þar sem farið var yfir tækifæri og hindranir).

Aðeins farið í rýnivinnu sem var gerð 2014 vegna samkennslunnar. Umræða um tækifæri og hindranir, nemendur, kennarar og foreldrar komu með sín sjónarmið. Steinn fulltrúi nemenda segir að honum hafi fundist þetta þægilegt fyrirkomulag, auðvelt að fara upp á unglíngastig upp á félagslegu hliðina. Sigrún segir að henni hafi fundist skrítið að fara upp í unglíngadeild og vera allt í einu í „einum“ árgangi.

Hákon bendir á að fræðsla um fyrirkomulag samkennslu til foreldra væri hentug t.d. þegar nemendur eru að byrja í 2. bekk þar sem þá byrja þau í samkennslu árganganna. Guðlaug tekur undir það.

- **Niðurstöður skimana og kannana**

Aðeins farið yfir Talnalykil í framhaldi af umræðunni um samkennsluna og við komum vel þar út miðað við Reykjavík. 86% nemenda ná góðum árangri m.v. 71% í Rvk. Í kjölfarið að rifjað upp árágnur skólans í samræmdum prófum en skólinn hefur verið að koma vel út undanfarin ár. Annars ekki farið í fleiri niðurstöður þar sem fór svo mikil umræða um samkennsluna en áætlað að fara betur í niðurstöður skimana á næsta fundi eða 1. apríl kl. 8:10.

- **Önnur mál** . Engin önnur mál í þetta skiptið.

Anna Rakel ritaði fundargerð.